

HF er valkvæð váttrygging sem veitir vernd fyrir algengum tjónum, sem einstaklingar og fjölskyldur verða fyrir, svo sem tjóni á innbúi eða slysi í frítíma. Kaflaskiptingin er eftirfarandi:

**Váttrygðir** eru váttryggingartaki og fjölskylda hans. Til fjölskyldu váttryggingartaka telst maki hans eða sambúðarmaki og ógift börn þeirra sem hafa skráð sameiginlegt lögheimili á Íslandi, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

## 1. KAFLI INNBÚSTRYGGING

### 1. gr. Hvar gildir váttryggingin?

Váttryggingin gildir á heimili váttryggingartaka sem skráð er á váttryggingarskrárteinið eða iðgjaldskvittunina. Váttryggingin tekur jafnframt til búsmuna sem eru héraðslandis utan heimilis váttryggingartaka, en þá takmarkast bætur við 15% af váttryggingarfjárhæðinni (sjá þó yfirlitsmynd bls. 3). Bætur fyrir geisladiska vegna innbrots í bifreið takmarkast við 1% af váttryggingarfjárhæðinni. Skyld er að tilkynna félaginu tafarlaust um breytingu á váttryggingarstað. Sé slík tilkynning ekki gefin getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti, sbr. ákvæði 59. gr. almennra ákvæða um áhrif aukinnar áhættu.

### 2. gr. Hvað er váttryggt?

Váttryggingin tekur til innbús, almenns og sérgreinds, sem er í eigu hinna váttryggðu og sem telst ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar. Með almennu innbúi er átt við lausafjármuni, sem fylgja almennu heimilishaldi, svo sem húsgögn, heimilistæki, laus gólfteppi, fatnað, bækur og lín. Váttryggingin nær einnig til almenns viðlegubúnaðar og tómsundaáhalda. Þá bætist hvers kyns hlífðarbúnaður sem notaður er til aksturs ökutækja. Einnig tekur váttryggingin til eins gangs sumar- eða vetrarhjólarþaða undir hvern einkabíl fjölskyldunnar, sem geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu. Hjólbarðarnir skulu samsvara gerðarlýsingu bílsins.

#### Með sérgreindu innbúi er átt við:

- Málverk, listaverk, myndavélar, upptökuvélar, sjónauka, hljóðfæri, hljómtæki, útvarps- sjónvarpstæki og tölvur ásamt fylgihlutum til framangreindra tækja.
- Peninga, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt og frímerkjasöfn. Hámarksbætur 1% af váttryggingarfjárhæðinni.

Sjá nánar yfirlitsmynd.

#### Undanskildar áhættur

Dýr, skráningarskyld vélknúin ökutæki, óskráningarskyld vélknúin ökutæki með aflvél yfir 5 kw., skráningarskyldar vinnuvélar, hjólhýsi, tjaldvagnar, bátar eða hlutir sem tilheyra nefndum tækjum. Einnig hlutir sem notaðir eru við atvinnu eða til tekjuöflunar. Þessa hagsmuni er hægt að váttryggja sérstaklega. Tjón sem rekja má til myglu eða sveppagróðurs.

#### Munir staðsettir utan heimilis

Váttryggingin tekur til innbús sem staðsett er héraðslandis utan heimilis um stundarsakir samkvæmt bótaskyldu 7. gr. þessa kafla. Undir þessa váttryggingu fellur ekki innbúi, lausafé eða sambærileg verðmæti sem varanlega eru staðsett í sumarbústöðum, hesthúsum eða annars staðar en á heimilinu. Bætur samkvæmt þessari grein takmarkast við 15% af váttryggingarfjárhæðinni.

### 3. gr. Björgunarkostnaður, aukakostnaður vegna brottflutnings

#### Váttryggingin bætir:

Tjón á váttryggðum munum sem verða kann vegna nauðsynlegra aðgerða til að forða þeim frá yfirvofandi bótaskyldu tjóni. Verði nauðsynlegt fyrir váttryggðan að flytja af heimili sínu vegna bótaskylds tjóns þar, greiðist óhjákvæmilegur aukakostnaður vegna þess, þ.m.t. húsaleiga í sambærilegu húsnæði, þó aldrei hærra en sem nemur 6% váttryggingarfjárhæðar.

**4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?**

Bætur miðast við, að svo miklu leyti sem unnt er, að fjárhagsleg staða váttryggðs verði hin sama og fyrir tjónið. Váttryggt innbú og lausafjármunir bætast að hámarki með þeirri váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Tilteknir munir bætast þó að hámarki upp að tiltekinni fjárhæð eða hlutfalli af váttryggingarfjárhæð innbústryggingar, svo sem nánar er tilgreint í skilmálum, váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Bótafjárhæðir skulu taka mið af kostnaði við viðgerð á skemmdum mun eða öflun samsvarandi eða að verulegu leyti samsvarandi munar. Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það bætir tjón með peningagreiðslu, greiðir kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinum skemmda hlut eða afhendir váttryggðum heila samsvarandi muni og tjón varð á. Þegar um peningagreiðslu er að ræða, nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins váttryggða. Bætur greiðast á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina, að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir váttryggðan. Þegar tjón veldur eingöngu útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins váttryggða greiðast ekki bætur. Þegar um er að ræða bætur vegna eftirtalinna muna hefur félagið þrátt fyrir það heimild til þess að styðjast við eftirfarandi afskriftarreglur:

Afskriftarreglur:	Ár án aldurs frádr.	Eftir það árl. frádr.
Fatnaður fullorðinna	1 ár	20%
Fatnaður barna	1 ár	30%
Gleraugu	1 ár	20%
Rafmagnstæki	1 ár	20%
Tölvur og símar	1 ár	20%
Myndavélar	2 ár	10%
Tómstundaáhöld	1 ár	15%

Frádráttur getur þó hæstur orðið 70%. Tjón á afritunarmiðlum miðast við verð á nýjum ónotuðum miðlum. Stolnir eða glataðir munir sem koma fram eftir að félagið hefur bætt tjónið, eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Váttryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess, með því að endurgreiða bæturnar. Félaginu er heimilt að krefjast framvísunar á skemmdum munum sem bættir hafa verið að fullu. Minjagildi bætist ekki.

**5. gr. Váttryggingarfjárhæð – Undirtrygging**

Nauðsynlegt er að váttryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti alls innbúsins. Ef breytingar, aðrar en vegna vísitöluhækkunar, verða á verðmæti innbúsins á váttryggingartímabilinu, t.d. vegna kaupa á nýjum munum, er nauðsynlegt að váttryggður tilkynni félaginu það til að bótaréttur haldist óskertur. Ef heildarverðmæti hins váttryggða innbús er meira en váttryggingarfjárhæðin, greiðir félagið aðeins hlutfallslegar bætur. Ef verðmæti er til dæmis helmingi meira en váttryggingarfjárhæðin hefur það í för með sér að bætur, sem annars yrðu kr. 1.000.000 verða aðeins kr. 500.000.

**6. gr. Eigin áhætta**

Í hverju tjóni ber váttryggður í eigin áhættu þá fjárhæð er kemur fram í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

**7. gr. Bótasvið**

Sjá yfirlitsmynd.

## YFIRLITSMYND – Bótasvið innbústryggingar (Síða 1 af 2)

(Allar tilgeindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu neysluverðs án húsnæðis þegar hún var 980 stig og breytast í samræmi við þá vísitölu)

	A Bruni	B Skammhlaup	C Umferðaróhapp	D Innbrotspjófnaður	E Pjófnaður	F Rán
<b>Vátryggingin tekur til eftirfarandi tjónsatvika:</b>	Bruna, eldsvoða, eldinga, sprenginga, skyndilegs sótfalls frá kynditækjum. Hraps loftfars eða hluta af því.	Skemmda á rafmagnstækjum vegna skammhlaups í þeim.	Skemmda á innbúi í ökutæki sem lendir í umferðaróhappi.	Pjófnaða við innbrot í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkalofftar, sumarhús eða hjólhýsi. Það er forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot.  <b>Varúðarregla:</b> Dyr, gluggar og önnur op inn á vátryggingarstað skulu vera tryggilega læst og lykklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.	Pjófnaða úr grunnskóla eða ólæstri íbúð. Forsenda bótaskyldu er að eðlileg aðgát sé viðhöfð. Þjófnaða á reiðhjólum.  <b>Varúðarregla:</b> Reiðhjól skulu vera læst og lykklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim. Jafnframt skulu lykklar óskráningskyldra ökutækja geymdir þar sem óviðkomandi hefur ekki aðgang að þeim.	Töku vátryggðra muna með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað.
<b>Undanþágur og takmarkanir:</b>	<b>Vátryggingin bætir ekki:</b> Sviðnun eða bráðnun sem ekki verður talin eldsvoði, svo sem þegar hlutur sviðnar frá straujarni, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar, né tjón á munum sem settir eru viljandi í hættu frá eldi eða hita.	<b>Vátryggingin bætir ekki:</b> Tjón á tækjum sem eru eldri en 10 ára. Tjón sem ábyrgð seljanda tækis nær til. Tjón sem rekja má til slits, ónógs viðhalds eða rangrar samsetningar. Tjón sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.	<b>Vátryggingin bætir ekki:</b> Tjón þegar um búferlaflutning er að ræða. Tjón á munum þegar flutt er gegn gjaldi. Tjón sem fæst bætt úr öðrum vátryggingum.	<b>Vátryggingin bætir ekki:</b> Tjón vegna þjófnaðar úr íbúð sem verið hefur mannlaustr í meira en 6 mánuði. Sama á við um hjólhýsi og sumarhús þegar ekki er dvalið í þeim. Tjón vegna þjófnaðar úr húsnæði eða farartækjum, sem vátryggður leigir eða lánar öðrum. Tjón vegna þjófnaðar úr ólæstum vistarverum eða farartækjum. Tjón vegna þjófnaðar á eða úr tjaldi eða tjaldvagni. Tjón vegna þjófnaðar sem framinn er af einhverjum hinna vátryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra.	<b>Vátryggingin bætir ekki:</b> Tjón sem verður þegar vátryggður gleymir hlut, týnir honum eða fer þannig með hann að við missi mátti búast. Tjón vegna þjófnaðar úr mannlaustr íbúð, eða úr íbúð sem vátryggði leigir eða lánar öðrum. Tjón vegna þjófnaðar sem framinn er af einhverjum hinna vátryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra. Tjón af völdum þjófnaðar sem framinn er af einhverjum sem heimild hefur til að vera á heimili vátryggðs.	
<b>Vátryggðir munir:</b> Bótaskyld <input type="checkbox"/> Ekki bótaskyld <input type="checkbox"/>						
1) Almenn innbú, persónulegir lausafjarmunir.		Aðeins rafmagnstæki eða hlutir tilheyrandi þeim. Eigin áhætta kr. 25.900		Hámark 5% af vátryggingarfjárhæðinni í a) geymslum utan íbúðar, b) í útihúsum eða bílskúrum. c) ferðavögnum, einkabátum, einkalofförum og öðrum farartækjum.	Hámark 5% af vátryggingarfjárhæðinni. Eigin áhætta 10% í hverju tjóni, að lágmarki kr. 25.900 þó kr. 8.400 í grunnskóla.	
Sérgreint innbú	2) Málverk, listaverk, myndavélar, upptökuvélar DVD/Blue-Ray spilarar, sjónaukar, hljóðfæri, hljómtæki, sjónvörp, útvörp, og tölvur.	Aðeins útvörp, sjónvörp, hljómtæki, DVD/Blue-Ray spilarar og tölvur eða hlutir tilheyrandi þeim. Eigin áhætta kr. 25.900.		Ekki í: a) geymslum utan íbúðar, b) útihúsum eða bílskúrum.	Hámark 5% af vátryggingarfjárhæðinni. Eigin áhætta 10% í hverju tjóni, lágmark kr. 25.900.	
	3) Úr og skartgripir, hámark 5% vátryggingarfjárhæðar.			Ekki í: a) geymslum utan íbúðar, b) útihúsum og bílskúrum c) íbúðarhúsnæði sem hefur verið mannlaustr í meira en 2 mánuði, d) bifreiðum, einkabátum, einkalofförum eða hjólhúsum.		
4) Peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar. Mynt og frímerkjasöfn. Hámark 1% vátryggingarfjárhæðar hver liður.				Ekki í bifreiðum, einkabátum, einkalofförum eða hjólhúsum.		
5) Læst reiðhjól, óskráningskyld ökutæki með aflvél undir 5 kw., barnavagnar og barnakerrur. Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks á reiðhjól og óskráningskyldum ökutækjum eru kr. 116.500 þegar eigin áhætta hefur verið dregin frá.					Eigin áhætta 25% í hverju tjóni, lágmark kr. 25.900.	

# HEIMILIS- OG FJÖLSKYLDUTRYGGING

Skilmáli nr. 239

SJÓVÁ

## YFIRLITSMYND – Bótasvið innbústryggingar (Síða 2 af 2)

G Skemmdarverk	H Útstreymi vökva	I Óveður	J Kæli- og frystivörur	K Ofhitun á þvotti	L Brot eða hrun	M Skýfall/asahláka
Skemmda á váttryggðum munum sem valdið er af ásetningi, svo og á húsnæði í kjölfar innbrota, allt að 5% af váttryggingarfjárhæðinni.	Skemmda af völdum vatns, olíu eða annars vökva sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins, vatnsrúnum eða fiskabúrum, þó ekki niðurföllum eða þakrennum.	Skemmda á hinu váttryggða af völdum óveðurs (28,5 m/sek. eða meira) og tjónið er afleiðing þess að vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins.	Skemmda á frystikistu eða ísskáp svo og matvælum í þeim sem verða vegna þess að rafstraumur rofnar skyndilega og óvænt.	Skemmda á þvotti af völdum ofhitunar í þvottavél eða þurrkara sem stafar af bilun í þvottavélinni eða þurrkaranum.	Skemmda sem verða á innbúi á heimili váttryggðs af völdum þess að munir úr innbúinu detta skyndilega og óvænt niður og brotna. Með munum úr innbúinu er átt við hluti sem festir eru við vegg eða loft, svo sem veggskápa, hillur, málverk, myndir, loft og vegggljós, svo og muni sem voru í eða á þeim munum sem hrundu.	Tjóns á innbúi ef vatn flæðir inn, enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku). Með skyndilegri úrhellisrigningu og snjóbráð er átt við að vatn verður skyndilega svo mikið að niðurföll leiða það ekki frá.
<b>Váttryggingin bætir ekki:</b> Tjón á munum sem voru utandyra annars staðar en á lóð við heimili váttryggðs. Tjón af völdum váttryggðs sjálfs eða einhvers sem heimild hefur til veru á heimili váttryggðs.	<b>Váttryggingin bætir ekki:</b> Tjón af völdum utanaðkomandi vatns svo og grunnvatns, úrkomu, flóða eða snjóbráðar, eða vatns sem þrýstist upp úr skólpleiðslum. Váttryggingin bætir þó slíkar skemmdir ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss (sbr. þó M-lið). Tjón sem verða á vatnsrúnum eða fiskabúrum vegna útstreymis vatns úr þeim sbr. ofangreint.	<b>Váttryggingin bætir ekki:</b> Tjón á munum utanhúss. Tjón, sem verður vegna flóða í kjölfar óveðurs. Tjón af völdum úrkomu nema það verði bein afleiðing af skyndilegu tjóni á hlutaðeigandi húsi.	<b>Váttryggingin bætir ekki:</b> Tjón á sjálfri frystikistunni eða ísskápnum, ef munir þessir eru eldri en 5 ára. Tjón sem ábyrgð seljanda frystikistu/ ísskáps nær til. Tjón sem rekja má til slits eða ónógs viðhalds. Tjón vegna lokunar rafveitu á rafmagni.	<b>Váttryggingin bætir ekki:</b> Tjón á sjálfri þvottavélinni eða þurrkaranum.	<b>Váttryggingin bætir ekki:</b> Skemmdir á munum á eða í skápum eða hillum ef þeir falla einir sér niður nema um sé að ræða sjónvarpstæki, hljómfletningstæki eða DVD/Blue-Ray spilara. Skemmdir sem verða þegar verið er að færa hluti til. Skemmdir sem verða utan heimilis váttryggðs. Skemmdir af völdum vökva sem hellist niður.	<b>Váttryggingin bætir ekki:</b> Tjón af völdum utanaðkomandi vatns frá svölum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra eða vegna sjávarfalla og/eða grunnvatns. Sama á við um vatnstjón sem Náttúruhamfaratrygging u Íslands er skylt að bæta.
<b>Váttryggðir munir:</b> Bótaskytl <input type="checkbox"/> Ekki bótaskytl <input type="checkbox"/>						
Hámark 5% af váttryggingarfjárhæðinni í a) geymslum utan íbúðar, b) í útihúsum eða bílskúrum.	Hámark 5% af váttryggingarfjárhæðinni í a) geymslum utan íbúðar, b) í útihúsum eða bílskúrum.		Hámark 2% af váttryggingarfjárhæðinni fyrir matvæli í frystikistu eða ísskáp.	Eigin áhætta er 25% í hverju tjóni, þó að lágmarki kr. 25.900. (Reikningur vegna viðgerðar á þvottavélinni eða þurrkaranum fylgi bótakröfu).	Eigin áhætta er kr. 25.900 í hverju tjóni.	Eigin áhætta er kr. 25.900 í hverju tjóni.  <b>Varúðarregla:</b> Það er skilyrði fyrir bótaskyldu félagsins að váttryggður hreinsi frá niðurföllum við húseignina svo að snjór, klaki eða óhreinindi stífla þau ekki
Ekki: a) í geymslum utan íbúðar, b) í útihúsum eða bílskúrum, c) utandyra.	Ekki í: a) í geymslum utan íbúðar, b) í útihúsum eða bílskúrum, c) utandyra.					
Eigin áhætta er 25% í hverju tjóni lágmark kr. 25.900.	Eigin áhætta er 25% í hverju tjóni lágmark kr. 25.900.					

### 2. KAFLI INNBÚSKASKÓ

**8. gr. Hvar gildir váttryggingin?**

Váttryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 3 mánuði.

**9. gr. Hvað er váttryggt?**

Váttryggingin tekur til lausafjármuna sem tilheyra innbúi hinna váttryggðu sbr. 1. og 2. gr. í Innbústryggingunni.

**Undanskildar áhættur**

Tjón á peningum, verðbréfum, handritum, frumteikningum, mynt- og frímerkjasöfnum. Undanskilin eru tjón á hlífðarbúnaði sem notaður er til aksturs ökutækja, annar en hlífðarfatnaður.

**10. gr. Bótasvið**

Váttryggingin tekur til tjóns á váttryggðum lausafjármunum. Tjónið skal eiga rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á váttryggingartímabilinu.

**Undanskildar áhættur**

**Félagið bætir ekki:**

- Tjón sem stafar af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi eða innri bilunum, svo sem vélrænum bilunum.
- Tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins váttryggða.
- Tjón sem verður þegar váttryggður gleymir hlut, skilur eftir á almannafæri, misleggur eða týnir.
- Tjón vegna þjófnaðar.
- Tjón af snöggum hita- og/eða rakabreytingum.
- Tjón sem rekja má til myglu eða sveppagróðurs.
- Tjón á heimili váttryggðs af völdum dýra.
- Tjón sem verða á vél- eða rafknúnum tómslundatækjum við notkun þeirra.

**11. gr. Váttryggingarfjárhæð**

Hámarksbætur vegna hvers tjóns og hámarksbætur á váttryggingartímabilinu nema þeim fjárhæðum sem fram koma í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

**12. gr. Eigin áhætta**

Eigin áhætta váttryggðs í hverju tjóni er að lágmarki sú fjárhæð sem fram kemur í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

**13. gr. Önnur ákvæði**

Um váttrygginguna gilda jafnframt ákvæði 3.-5. gr. skilmálans. Í hverju tjóni getur váttryggður valið hvort teknar eru bætur samkvæmt reglum almennra skilmála innbústryggingar eða skilmála fyrir innbúskaskó. Félagið greiðir ekki samtímis bætur úr innbústryggingu og innbúskaskó vegna eins og sama tjóns.

### 3. KAFLI INNBÚ Í GEYMSLUM – VALKVÆÐ TRYGGING

**14. gr. Dd**

### 4. KAFLI ÁBYRGÐARTRYGGING

**15. gr. Hvar gildir váttryggingin?**

Váttryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að þrjá mánuði talið frá brottfarardegi.

**16. gr. Bótasvið**

**Skaðabótaskylda að lögum:**

Félagið váttryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á váttryggðan sem einstakling (þ.e. utan atvinnurekstrar) samkvæmt íslenskum lögum, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum, þar með töldum fasteignum og dýrum, og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

**Bætur umfram lagaskyldu:**

Félagið bætir, án tillits til skaðabótaskyldu að lögum, tjón á mönnum eða munum sem barn váttryggingartaka yngra en 10 ára veldur. Ef sá sem verður fyrir tjóni er meðvaldur eða meðábyrgur skerðist bótarétturinn í

samræmi við það. Vátryggingarverndin gildir ekki þegar barnið á aðild að umferðartjóni og tjón verður á skráningarskyldu ökutæki í notkun.

Þegar barn vátryggingartaka veldur tjóni sem önnur vátrygging tekur til stofnast ekki bótaréttur sbr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

### Undanskildar áhættur

Ábyrgðartryggingin bætir ekki tjón:

- Sem hinir vátryggðu valda hver öðrum.
- Á munum sem vátryggður hefur að láni, til leigu, geymslu eða af öðrum ástæðum eru í vörslu hans, þar á meðal munum sem vátryggður hefur með höndum heimildarlaust.
- Sem vátryggður veldur sem eigandi, notandi eða stjórnandi skips, báts, loftfars, skráningarskylds vélknúins ökutækis eða skráningarskyldrar vinnuvélar, skotvopns eða dýrs.
- Sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- Vegna sekta, málskostnaðar eða annarra útgjalda í sambandi við refsímál.
- Sem fellur á vátryggðan sem eiganda húseignar eða húseignarhluta.
- Vegna endurkröfu frá Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum opinberum tryggingastofnunum.
- Sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Félagið bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins ákveðins atburðar. Félagið bætir ekki tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka.
- Tjón sem rekja má til myglu eða sveppagróðurs

### Bætur umfram lagaskyldu:

#### a. Ábyrgð vegna tjóns á innbúi

Félagið bætir, án tillits til skaðabótaskyldu að lögum, tjón á mönnum eða munum sem barn vátryggingartaka yngra en 10 ára veldur. Ef sá sem verður fyrir tjóni er meðvaldur eða meðábyrgur skerðist bótarétturinn í samræmi við það. Vátryggingarverndin gildir ekki þegar barnið á aðild að umferðartjóni og tjón verður á skráningarskyldu ökutæki í notkun.

Félagið bætir, án tillits til skaðabótaskyldu að lögum, tjón sem hinir vátryggðu valda á innbúsmunum sem gestkomendur í heimahúsum allt að þeirri vátryggingarfjárhæð sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Ef sá sem verður fyrir tjóni er meðvaldur eða meðábyrgur skerðist bótarétturinn í samræmi við það.

#### b. Ábyrgð vegna tjóns af völdum skotvopna

#### c. Ábyrgð vegna óhapps við golfiðkun

Félagið bætir, án tillits til skaðabótaskyldu að lögum, tjón sem vátryggður kann að valda á mönnum eða munum við golfiðkun á golfvelli eða á æfingasvæði við golfvöll. Ef sá sem verður fyrir tjóni er meðvaldur eða meðábyrgur skerðist bótarétturinn í samræmi við það.

Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð, sem greind er í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Ef önnur vátrygging tekur til tjóns skv. a, b eða c-lið þessarar greinar stofnast ekki bótaréttur sbr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

### 17. gr. Hvenær eru menn skaðabótaskyldir? – Málsmeðferð

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn bótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla og er hún grundvallarregla í íslenskum lögum eða réttarvenju. Ef sá, sem sóttur er til greiðslu bóta, á ekki sök á tjóninu ber hann yfirleitt ekki bótaábyrgð. Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan ef hann hefur bakað sér bótaábyrgð (að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera það sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar) og einnig að greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð að lögum er oft flókið álitaefni ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína sé hann krafinn bóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er honum bent á að lesa eftirfarandi ábyrgðartryggingarskilmála með þetta í huga. Viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt á hættu að þurfa sjálfur að greiða bætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til. Er bótakrafa kemur fram á hendur vátryggðum á því sviði sem vátryggingin nær til á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn ef til hennar kemur. Komi til dómsmáls sem varðar vátryggingu þessa og féluginu er einu stefnt, getur félagið krafist þess að málshöfðun sé einnig beint gegn vátryggðum. Félagið áskilur sér rétt til þess að fara með málið fyrir vátryggðan.

### 18. gr. Vátryggingarfjárhæð – Eigin áhætta

Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð þá, sem tilgreind er í skírteini eða iðgjaldskvittun. Í hverju tjóni ber vátryggður 10% eigin áhættu, þó ekki lægri en fjárhæð lágmarks eigin áhættu og ekki hærri fjárhæð en hámarks eigin áhættu sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Félagið greiðir kostnað, sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu vátryggðs eða bótafjárhæð. Samanlagðar bótagreiðslur, að málskostnaði meðtöldum, geta þó ekki orðið hærri en sem nemur vátryggingarfjárhæð. Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu, greiðir félagið heldur ekki vexti og kostnað, þótt sú fjárhæð verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu. Um vexti af bótakröfu fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

## 5. KAFLI SLYSATRYGGING Í FRÍTÍMA

### 19. gr. Hvar gildir vátryggingin?

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Þrátt fyrir skilgreiningu í inngangstexta skilmála þessara gildir vátryggingin fyrir námsmenn sem flytja tímabundið frá heimili, innanlands eða erlendis, í allt að 9 mánuði.

### 20. gr. Bótasvið

Félagið greiðir bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, við skólanám eða almennar íþróttaiðkanir, enda leiði það til:

- Sjúkrakostnaður
- Tannbrot
- Tímabundins missir starfsorku
- Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku
- Dauða

Með orðinu slys er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Vátryggingin tekur ekki til slysa sem vátryggður verður fyrir í starfi hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslyshætta fylgir. Vátryggingin nær ekki til slyss sem vátryggður verður fyrir af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis á Íslandi, né slyss af völdum vélknúins ökutækis sem skráð er erlendis þar sem lögskilt er að tryggja eða bótaréttur fyrir hendi vegna slíkra slysa.

### 21. gr. Dánarbætur

Valdi slys dauða vátryggðs innan eins árs frá slysdegi greiðist rétthafa bóta sú fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku, sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Bætur miðast við vátryggingarfjárhæð dánarbóta á slysdegi, sbr. ákvæði 29. gr. um vísitölubindingu bótafjárhæða. Sé vátryggður á dánardegi yngri en 18 ára eða eldri en 69 ára er fjárhæð dánarbóta 25% af grunnfjárhæð dánarbóta sem fram kemur á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Sé vátryggður á dánardegi á aldursbilinu frá 18-69 ára greiðist grunnfjárhæð dánarbóta sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, en annars 25% grunnfjárhæðar. Hafi vátryggður engan á framfæri sínu greiðast þó að hámarki 25% af dánarbótum slysatryggingar. Með framfæranda er átt við þann sem sannanlega hefur barn eða fullorðinn einstakling á framfæri sínu. Maki eða sambúðarmaki, sbr. inngangstexta skilmála þessara, er rétthafi dánarbóta. Ef vátryggður lætur ekki eftir sig maka/sambúðarmaka fellur vátryggingarfjárhæðin til erfingja vátryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá. Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að vátryggður deyr.

### 22. gr. Bætur vegna varanlegs líkamstjóns

Valdi slys vátryggðum varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli grunnfjárhæðar örorkubóta á slysdegi. Sé vátryggður á slysdegi 59 ára eða yngri, eru hámarksbætur 100% af vátryggingarfjárhæð örorkubóta, sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Frá og með 60 ára aldri vátryggðs lækka vátryggingarfjárhæðir og verða fjárhæðirnar eftirtaldir hundraðshlutar af vátryggingarfjárhæð örorkubóta:

60-62 ára	95%
63-64 ára	90%
65-66 ára	85%
67-68 ára	70%

69-70 ára	60%
71-72 ára	50%
73-74 ára	40%
75-76 ára	30%
77 ára og eldri	20%

Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Metin er skerðing á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við grunnfjárhæð örorkubóta, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert örorkustig frá 51-75% verkar fjórfalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar sexfalt. Bætur við örorku sem metin er 100% verða því 325% af grunnfjárhæð örorkubóta sem tilgreind er á váttryggingarskírteininu eða iðgjaldskvittuninni.

**Við ákvörðun örorkubóta skal einnig fylgja eftirfarandi reglum:**

- Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.
- Örorka ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Liggi örorkumat ekki fyrir innan þriggja ára frá slysi fellur réttur til örorkubóta niður.
- Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að bæta megi ástand hins slasaða með læknis meðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gilda ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun örorkustigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
- Ef slasaði deyr eftir að meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati, sbr. b) og c) lið.

**23. gr. Bætur vegna tímabundins missis starfsorku**

Valdi slys tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi er á slysdegi og tilgreind er á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Bótafjárhæðir taka mið af aldri váttryggðs á slysdegi. Börn, yngri en 16 ára, eru ekki váttryggð gegn tímabundnum missi starfsorku. Sé váttryggður á slysdegi á aldursbilinu frá 16 til 66 ára miðast bótafjárhæðir vegna tímabundins missis starfsorku við 100% af grunnfjárhæð vikulegra bóta, sem fram kemur í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Sé váttryggður á aldrinum frá 67 til 70 ára á slysdegi miðast hámarksbætur vegna tímabundins missis starfsorku við 50% af grunnfjárhæð vikulegra bóta. Sé váttryggður á slysdegi 71 árs eða eldri, greiðast ekki bætur vegna tímabundins missis starfsorku. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma, sem er 4 vikur og svo lengi sem váttryggður er óvinnufær að mati læknis, þó ekki lengur en í 48 vikur og ekki fyrir tímabil að loknum þrem árum frá slysdegi. Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar. Félagið bætir ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af óskertri starfsorku. Félagið metur starfsorkumissinn og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja. Félagið greiðir ekki bætur fyrir tímabundinn starfsorkumissi eftir að hann er orðinn varanlegur samkvæmt læknisvottorði eða örorkumati.

**24. gr. Bætur vegna tannbrots**

Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og varanlega viðgerðum tönnum og föstum gervitönnum sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 7.5% af grunnfjárhæð örorkubóta vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu váttryggingarári við 11,5% af sömu fjárhæð. Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem verða við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar. Félagið bætir ekki heldur brot á tönnum sem ber að höndum þegar váttryggður matast.

**25. gr. Bætur vegna sjúkrakostnaðar**

Félagið greiðir innlendan sjúkrakostnað sem hlotist hefur af bótaskyldu slysi gegn framlagningu frumrita reikninga og greiðslukvittana. Hámarksfjárhæð bóta vegna sjúkrakostnaðar er tilgreind á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Félagið bætir þó ekki sjúkrakostnað, sem váttryggðum er unnt að fá endurgreiddan frá Sjúkratryggingum Íslands.



### 26. gr. Undanskildar áhættur

#### Félagið bætir ekki:

- Slys sem vátryggðir 18 ára og eldri verða fyrir við keppni eða æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.
- Slys sem verða í hvers konar: akstursíþróttum, bardagaíþróttum, fjalla- kletta- eða íssklifur, bjargsigi, köfun með súrefniskút, drekaflugi, svifflugi, teygjustökki, fallhlífarstökki og/eða athöfnum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.
- Slys sem verða í flugi, nema að vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- Slys sem verða vegna ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskyldu slyss.
- Slys sem verður vegna matareitrunar, drykkjareitrunar eða neyslu nautnalyfja.
- Slys er vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið á milli ástands þessa og slyssins.
- Slys af völdum sýkingar af skordýrabiti eða -stungu.
- Slys vegna eittraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs.
- Slys af völdum hryðjuverka, vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.
- Slys sem verður á beinni leið í eða úr vinnu.
- Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.
- Vátryggingin greiðir ekki örorkubætur vegna tannbrota.

### 27. gr. Takmarkanir á bótaskyldu vegna sjúkdóma o.fl.

Félagið bætir ekki slys sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð, lömum, hreyfihömlun, geðsjúkdómi, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun. Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi að vátryggður missti starfsorku sína um stundarsakir eða varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi sem ætla má að hann hefði orðið fyrir ef þessar ástæður hefðu ekki komið til. Jafnvel þótt slys verði talið sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjóska, þursabit (lumago ischias), liðagigt, slitgigt eða aðrir gigtarsjúkdómar. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand vátryggðs eru meðorsakir dauða hans, greiðast ekki dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var fyrir þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þá að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem vátryggingin nær til.

### 28. gr. Ráðstafanir vegna slyss

Slasaða ber að leita lækni strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirætlum lækni. Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða. Deyi vátryggður af slysförum skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er. Félagið hefur rétt til að láta fara fram krufningu á líki hins látna.

Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða vátryggðan. Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að meta afleiðingar slyssins skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.

### 29. gr. Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar

Félagið greiðir venjubundinn kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru að mati félagsins nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur úr vátryggingunni. Í þessu felst, að félagið greiðir án sérstaks samþykkis fyrir hefðbundin læknisvottorð, svo sem áverkavottorð, einfalt vottorð um óvinnufærni og lokavottorð. Auk þessa greiðir félagið kostnað vegna annarra vottorða, sem félagið telur nauðsynleg og aflað er að beiðni þess eða með samþykki þess. Jafnframt greiðir félagið fyrir mat á örorku skv. skilmálum þessum þó ekki ef bersýnilegt er að varanlegar afleiðinga eru engar. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannaástoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna vátryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

### 30. gr. Vátryggingarfjárhæðir – Verðbreytingar – Aldursmörk

Í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun er getið um vátryggingarfjárhæðir, sem taka verðbreytingum miðað við breytingar sem verða á vísitölu neysliverðs án húsnæðis frá upphafsdegi vátryggingartímabilsins.

Bótafjárhæðir örorkubóta, dánarbóta og bóta vegna tímabundins missis starfsorku reiknast á grundvelli gildandi vátryggingarfjárhæðar á slysdegi en breytast með vísitölu neysliverðs án húsnæðis frá slysdegi til

uppgjörsdags. Hámarksfjárhæð bóta vegna tannbrota barna tekur vísitölubreytingum frá slysdegi til uppgjörsdags. Bótafjárhæðir taka mið af aldri váttryggðs, svo sem fram kemur í 20., 21. og 22. gr. skilmálans.

### 5. KAFLI SJÚKRAHÚSLEGA

#### 31. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

#### 32. gr. Bótasvið

Verði váttryggður lagður inn á sjúkrahús vegna sjúkdóms, veikinda eða slyss greiðast sjúkralegabætur úr váttryggingu þessari eins og nánar segir í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Bætur greiðast ekki ef samfelld dvöl á sjúkrahúsi nemur skemmri tíma en 5 sólarhringum. Bætur greiðast aðeins ef innlögn á sér stað á gildistíma váttryggingarinnar. Sjúkralegabætur greiðast vegna þjóninga og óþæginda af völdum sjúkrahúsvistunar og ákvarðast á grundvelli dagafjölda sem váttryggður dvelur á sjúkrahúsi. Bætur greiðast í einu lagi eftir að dvöl á sjúkrahúsi lýkur með útskrift og miðast fjárhæð þeirra við þær upphæðir sem tilgreindar eru í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Tvöfaldar bætur greiðast fyrir þann tíma sem váttryggður dvelst á gjörgæsludeild. Bótatími er allt að 26 vikur vegna hverrar sjúkrahúsvistunar. Biðtími er 5 dagar (120 klst.) frá innlögn á sjúkrahús og greiðast bætur aðeins frá og með sjötta degi sjúkrahúsvistunar. Félagið greiðir venjubundinn kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru að mati félagsins nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur úr váttryggingunni. Auk þessa greiðir félagið kostnað vegna annarra vottorða, sem félagið telur nauðsynleg og aflað er að beiðni þess eða með samþykki þess. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannsaðstoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingaratburðar án samþykkis félagsins. Bætur greiðast í einu lagi innan fjórtán daga frá því að félaginu berast fullnægjandi gögn sem staðfesta greiðsluskyldu þess.

#### 33. gr. Takmarkanir á bótaskyldu

##### Sjúkdómar sem eru til staðar.

Sjúkrahúsinnlögn vegna sjúkdóma sem fyrst höfðu sýnt einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi.

##### Aðlögunartími

Ekki eru greiddar bætur ef vistun á sjúkrahúsi hefst innan 90 daga eftir upphafsdag váttryggingarskírteinis nema innlögn sé vegna slyss sem orðið hefur eftir að váttryggingin tók gildi.

##### Alnæmi

Allar sjúkrahússinnlagnir, sem beint eða óbeint leiða af eða tengjast: Sýkingu sem felur m.a. í sér mótefni í blóði við HIV eða alnæmis vírus eða öðrum sams konar eða tengdum sjúkdómi eða heilkenni. Sjúkdómi eða veikindum sem beint eða óbeint stafar af slíku smiti, sjúkdómi eða heilkenni.

##### Meðfæddir sjúkdómar

Hvers konar meðfædd líkamleg afbrigði. Hvers konar sjúkdómar og fæðingargallar.

##### Fegrunar- eða lýtaaðgerðir

Allar sjúkrahússinnlagnir vegna fegrunar- eða lýtaaðgerða nema slík innlögn sé vegna slyss sem sem orðið hefur eftir að váttryggingin tók gildi. Meðferðin á að fara fram innan 6 mánaða hið mesta eftir slyss og með fyrirfram skriflegu samþykki félagsins nema aðaltilgangur meðferðar sé að endurhæfa líkamshluta sem varð fyrir tjóni og slíkt líkamsástand er ekki að öðru leyti undanþegið (eins og sjúkdómur sem þegar er til staðar, meðfætt ástand osfrv.). Brjóstaupphæfing sem framkvæmd er í framhaldi af brjóstafjarlægingu vegna krabbameins fellur undir váttrygginguna. Lagfæring á brjóstáígræðslu sem þegar er til staðar fellur ekki undir váttrygginguna.

##### Tannaðgerðir

Allar tannaðgerðir eða meðferð (þ.m.t. skurðaðgerðir á munnholi) og tannúrdráttur.

##### Blóðskilun

Meðferð er felur í sér blóðskilun.

##### Flogaveiki / geðsjúkdómar eða öldrunarsjúkdómar, geðræni öldrunarsjúkdómar

Sjúkrahúsvistun sem orsakast af flogaveikiköstum af hvaða tegund sem er eða hvers konar kvíða, geðsjúkdómum, elligliöpum, Alzheimer, meðferð á geðdeild eða geðhjúkrunarheimilum.

##### Fæðingar

Þungun, fósturmissir (nema sem afleiðing slyss), eða barnsfæðing og/eða meðferð sem tengist fæðingarhjálp fyrir og eftir fæðingu, ófrjósemi, fóstureyðing eða ófrjósemisaðgerðir og getnaðarvörn þ.m.t. öll vandamál sem tengjast þeim.

##### Sjálfsvíg, kynsjúkdómar, líkamsgallar

Sjálfsmeiðing framin af ásetningi eða líkamstjón sem er afleiðing afbrots váttryggðs, sjálfsvíg eða tilraun til sjálfsvígs af hálfu andlega heils eða vanheils einstaklings. Kynsjúkdómar, ölvun eða fæðingargallar, meðfæddir

líkamsgallar eða afmyndun þ.m.t. líkamlegir og andlegir gallar sem voru til staðar frá fæðingu eða alnæmisveirusmit og allir smitandi sjúkdómar sem krefjast einangrunar eða sóttkvíar að lögum.

Meðferð sem læknir mælir ekki með

Sjúkrahúsvistun sem ekki hefur verið mælt með og er ekki talin læknisfræðilega nauðsynleg.

Vist á náttúrulækningahæli

Vist sem fer fram á náttúrulækningahæli.

Sjúkrahúsvistun vegna sjúkdómsgreiningar o.fl.

Sjúkrahúsvistun sem fram fer upphaflega til sjúkdómsgreiningar, röntgenmyndatöku, eða vegna almennrar lækniþjónustunnar.

Hvíldarlækningar og aðgerðir til forvarnar

Vistun á hressingarheimili, bað- eða hvíldarlækningar, vistun á náttúrulækningahæli og sambærilegum stofnunum eða sjúkrahúsinnlögn sem á sér stað til forvarnar. Einnig skylduvistun á endurhæfingarheimili eða á hjúkrunarheimilum.

Sveiflur í líkamsþyngd

Lækni meðferð vegna ofþyngdar, þyngdarlækkunar, þyngdarlagfæringar, ofáts, lystarstols.

Ásetningur, gáleysi o.fl.

Sjúkrahúsinnlögn sem rekja má til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis váttryggðs, neyslu lyfja, áfengis eða annarra ávana- eða fíkniefna, þátttöku í handalögmaðlum eða refsiverðum verknaði.

Áfengi

Sjúkrahúsinnlögn vegna áfengissýki þar á meðal meðferð allra sjúkdóma, sem að mati ráðgjafarlæknis félagsins telst annað hvort vera undirliggjandi orsök eða bein orsök áfengissýkinnar.

Lyfjamisnotkun, lyfjafíkn

Sjúkrahúsvistun vegna lyfjamisnotkunar eða lyfjafíknar, þ.m.t. meðferð sjúkdóma, sem að áliti ráðgefandi læknis félagsins telst vera annað hvort undirliggjandi orsök eða tengjast beint misnotkun lyfja eða lyfjafíkn.

Áhættusöm iðja

Allar sjúkrahúsvistir sem orsakast af því að hinn váttryggði tók þátt í einhverri eftirtalinni áhættutengdri háttsemi: Fjallaklifri, bjargsigi, svifflugi, fallhlífstöð, teygjustökki, atvinnuþróttum, hraðakeppni, akstursþróttum, köfun þar sem nauðsynlegt er að nota tækjabúnað til öndunar, hnefaleikum og flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflogi á vegum aðila, sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.

Keppniþróttir

Sjúkrahúsinnlögn sem rekja má til slysa sem váttryggðir 18 ára og eldri verða fyrir við keppni eða æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.

### 34. gr. Aldurstakmörk

Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 6. KAFLI GREIÐSLUKORTATRYGGING

### 35. gr. Hvar gildir váttryggingin?

Váttrygging þessi gildir ekki fyrir 60 ára og eldri.

### 36. gr. Bótasvið

Váttryggingin bætir á váttryggingartímabilinu allt að þeirri hámarksfjárhæð sem fram kemur í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun vegna tjóns sem hlýst af því að greiðslukort váttryggðs tapast og óviðkomandi aðili noti það með sviksamlegum hætti. Það er skilyrði fyrir bótum að váttryggður hafi farið í einu og öllu eftir reglum útgefanda greiðslukortsins og hafi tilkynnt honum hvarfið tafarlaust.

## 7. KAFLI RÉTTARAÐSTOÐ

Hlutverk Réttaraðstoðartryggingarinnar er að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Það er skilyrði váttryggingarverndar að óskað sé aðstoðar lögmanns. Lögmaðurinn skal tilkynna félaginu þegar hann hefur tekið að sér málið áður en frekar er aðhafst í því. Lögmaðurinn getur þó framkvæmt það í málinu sem ekki þolir bið. Félaginu ber skylda til, á grunni fyrirliggjandi upplýsinga, að tilkynna hvort málið sem slíkt sé bótaskyldt eða ekki.

### 37. gr. Gildissvið

Vátryggður getur notið réttaraðstoðar ef þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni:

- Gerast á Norðurlöndum.
- Gerast utan Norðurlanda þegar vátryggður er á ferðalagi og ágreiningurinn varðar hann sem ferðamann.

### 38. gr. Hvað er vátryggt?

Vátryggingin tekur til ágreinings sem snertir vátryggðan, sem einstakling, og sem kemur til úrlausnar héraðsdóms hér á landi eða, eftir að hafa sætt úrlausn í héraðsdómi, kemur til úrlausnar í Hæstarétti. Sé um að tefla ágreining, sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi, tekur vátryggingin einungis til kostnaðar, sem til er stofnað að lokinni slíkri meðferð. Vátryggingin tekur einnig til endurupptöku, þó aðeins að endurupptaka sé heimiluð.

Vátryggingin tekur ekki til sakamála og ekki heldur til ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.

### 39. gr. Hvenær er hægt að óska eftir réttaraðstoð?

#### Aðalregla

Hægt er að óska eftir réttaraðstoð ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Vátryggingin þarf ekki að hafa verið hjá félaginu allan tímann, ef vátryggður hefur haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi fær hann þá vátryggingu reiknaða sér til góða.

#### Ef vátryggður hefur ekki haft vátrygginguna í tvö ár

Ef vátryggður hefur vátryggingu þegar ágreiningur kemur upp, en ekki haft hana í tvö ár, getur hann samt sem áður fengið réttaraðstoð ef að þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni hafa gerst eftir að Réttaraðstoðartryggingin tók gildi.

#### Ef vátryggingin er ekki lengur í gildi

Ef vátryggður hefur ekki lengur neina Réttaraðstoðartryggingu þegar ágreiningur kemur upp getur vátryggður þrátt fyrir það fengið réttaraðstoð frá vátryggingu þessari, ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni gerðust og ekki eru liðin 4 ár frá atburðinum eða atvikinu.

### 40. gr. Vátryggingin tekur ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni:

- Sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengnisrétt.
- Sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs, þar með talið mál vegna vinnuslysa.
- Sem varðar ábyrgð sem vátryggður hefur gengið í.
- Sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða sem stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan.
- Sem varðar kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum vátryggða.
- Sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar.
- Sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis eða annars tengivagns, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu.
- Sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur vátryggðum vegna brots sem er saknæmt.
- Sem varðar víxilmál og innheimtumál gegn vátryggðum þar sem krafa er óumdeild eða óumdeilanleg og mál sem snúast um gjaldþrot eða nauðasamninga þar sem vátryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.
- Ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. verða t.d. ekki taldir vera fyrir hendi, ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð.
- Sem varða ágreiningsmál milli vátryggðs og félagsins (Sjóvá-Almennra trygginga hf.).

### 41. gr. Val á málflytjanda

Það er skilyrði bótaskyldu að vátryggður hafi leitað aðstoðar lögmanns sem tekið hefur málið að sér. Vátryggður velur sjálfur lögmann meðal félaga í Lögmannafélagi Íslands.

Lögmaður getur ekki án samþykkis félagsins farið sjálfur með eigið mál.

### 42. gr. Bótasvið

Félagið greiðir vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Þetta þýðir m.a. að félagið greiðir ekki ef vátryggður gefur frá sér möguleika að heimta bætur frá mótaðila með eða án málsóknar. Vátryggðum er skylt að láta reyna á að

fá málskostnað greiddan frá hinu opinbera, t.d. að sækja um gjafsókn, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði til þess. Félagið getur gert að skilyrði fyrir greiðslu bóta að váttryggður leggi ágreining um réttmæti málflytninguþóknunar fyrir úrskurðanefnd Lögmannafélags Íslands samkvæmt 26. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998. Í slíkum tilvikum greiðir félagið málsgjaldið. Bætur úr váttryggingu þessari eru greiddar þegar ágreiningur hefur verið til lykta leiddur.

### Félagið greiðir:

- Þóknun lögmans og kostnað.
- Kostnað við að afla álitserða, ef lögmaður váttryggðs biður um álitserðina áður en til dómsmáls kemur, eða augljóst má telja að dómur yrði ekki lagður á mál án þess háttar álitserðar. Kostnaður við að afla álitserða er þó ekki greiddur fyrir en ágreiningur er til lykta leiddur.
- Kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarferðir fyrir dómstólum eða gerðardómum.
- Réttargjöld.
- Málskostnað sem váttryggði er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómstóli eða gerðardómi við lok máls.
- Málskostnað sem váttryggði tekur á sig í réttarsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómstóll hefði dæmt hann til að greiða hærri málskostnað ef dómur hefði gengið.

### Bætur eru ekki greiddar til hinna váttryggðu fyrir:

- Eigin vinnu, tekjuskerðingu, ferða- og dvalarkostnað og annan kostnað.
- Fullnustu dóms, úrskurðar eða samkomulags.
- Aukakostnað sem stafar af því að fengnir eru fleiri lögmenn eða skipt er um lögmann.
- Greiðslur til gerðarmanna.
- Aukakostnað sem stafar af því að váttryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum eða hefur að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu.

### 43. gr. Váttryggingarfjárhæð og eigin áhætta

Félagið greiðir í einstöku tjónstilfelli að hámarki þá fjárhæð sem fram kemur í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Eigin áhætta váttryggðs í hverju tjóni er 20% af kostnaði. Eigin áhætta er að lágmarki sú fjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Í ágreiningsmálum er varða fjárhagslega hagsmuni geta bætur þó aldrei orðið hærri en sem nemur fjárhæð þeirra hagsmuna sem ágreiningur lýtur að.

Um eitt tjón telst vera að ræða ef hinir váttryggðu eiga aðild sömu megin að ágreiningi eða máli. Ef váttryggður á í fleiri ágreiningsmálum, skulu slík mál talin eitt tjón, svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót. Ef váttryggður getur í einu og sama tjónstilfelli fengið bætur samkvæmt 37. gr. frá fleiri váttryggingum í einu eða fleiri váttryggingafélögum, takmarkast bæturnar þannig að þær verði samanlagðar með bótum frá öðrum váttryggingum eigi hærri en hámarksfjárhæð bóta sem fram kemur í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

### 44. gr. Endurkrafa

Að svo miklu leyti sem bætur vegna váttryggingarinnar hafa verið greiddar, eignast félagið rétt hins váttryggða til málskostnaðar frá gagnaðila eða hinu opinbera.

## 8. KAFLI FERÐAVERND – VALKVÆÐ VERND

Váttrygging þessi er sértrygging sem hægt er að kaupa sem viðbót við Fjölskylduvernd gegn aukagjaldi.

### 45. gr. Gildissvið

Váttrygging samkvæmt eftirfarandi skilmálum er jafnan gild í frítíma og í starfi ef það tengist viðskiptum, ráðstefnum eða bóklegum námskeiðum. Váttryggingin gildir á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og aftur til Íslands. Váttryggingin gildir ekki þegar váttryggður stundar nám eða vinnu erlendis ef nám eða störf vara lengur en 92 daga. Váttryggingin gildir þó á ferðalagi til og frá Íslandi.

### 46. gr. Váttryggingarsvið

Váttrygging þessi felur í sér:

- sjúkratryggingu
- ferðarof
- ferðakostnað annarra aðila
- endurgreiðslu ferðar
- viðlagabjónustu og neyðarhjálp
- farangurstryggingu

- g. farangurstafatryggingu
  - h. forfallatryggingu
- samkvæmt nánari ákvæðum skilmála þessara.

### 47. gr. Skilgreiningar

Í skilmálum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind þannig:

„**Vátryggður**“ merkir þann sem kröfu á um greiðslu bóta, ef til hennar kemur, sbr. skilgreiningu í inngangstexta skilmála þessa. Einnig eru vátryggð börn vátryggingartaka og/eða maka (sambýlismaka) hans, yngri en 18 ára, sem eiga lögheimili á öðrum stað, þegar þau eru á ferðalagi erlendis í umsjá þeirra. „**Vátryggingarfjárhæð**“ merkir þá fjárhæð sem kemur fram í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun vegna mismunandi bóталиða. „**Ferðakostnaður**“ merkir fargjald og/eða gistikostnað. „**Dvalarkostnaður**“ merkir gistingu, ferðakostnað, og annan nauðsynlegan kostnað samkvæmt mati félagsins. Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar. „**Náinn ættingi**“ merkir maki, sambýlismaki, unnusti/unnusta, barn, barnabarn, foreldri, systkini, tengdaforeldri, tengdabarn, afa eða ömmu vátryggðs. „**Náinn samstarfsmaður**“ merkir þann sem vátryggður er staðgengill fyrir eða meðeiganda í atvinnurekstri. „**Flutningsslýs á munum**“ merkir atvik þegar almenningsfarartæki hlekkist á og það veldur tjóni á hinum vátryggðu munum. Enn fremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila. „**Létt bifhjól**“ merkir bifhjól með þá vélarstærð að ekki er krafist ökuskríteinis til notkunar þess.

### 48. gr. Sjúkrakostnaður

#### Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

Félagið greiðir bætur allt að vátryggingarfjárhæð vegna slyss eða sjúkdóms hvers einstaklings, sem vátryggingin nær til.

#### Félagið bætir eftirfarandi:

Læknis- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, hjúkrun, lyfjakostnað og meðferð samkvæmt læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar, vegna þess að vátryggður veikist eða slasast á ferðalagi. Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan auka dvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL. Kostnað við nauðsynlega tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að lina þjáningar. Flutning jarðneskra leifa vátryggðs til Íslands. Tilkynna skal alþjóðlegum samstarfsaðila félagsins svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi vátryggðs á ferðalagi erlendis. Upplýsingar um samstarfsaðilann fást á skrifstofum félagsins.

### 49. gr. Ferðarof

Félagið greiðir nauðsynleg viðbótarútgjöld allt að vátryggingarfjárhæð vegna heimferðar til Íslands ef vátryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna:

- a. Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda náins ættingja vátryggðs, sem búsettur er á Íslandi.
  - b. Verulegs eignatjóns á heimili vátryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- Félagið greiðir hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar er rofin var.

### 50. gr. Ferðakostnaður annarra aðila

#### Félagið greiðir:

Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að vátryggingarfjárhæð vegna ættingja eða vinar vátryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir vátryggðum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS INTERNATIONAL eða félagið, vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika vátryggðs. Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að vátryggingarfjárhæð í samráði við félagið vegna náins ættingja eða vinar vátryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika vátryggðs.

### 51. gr. Endurgreiðsla ferðar

Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að vátryggingarfjárhæð óafturkræfan ferðakostnað vátryggðs, fyrir þann hluta ferðar sem vátryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi. Vátryggingin tekur ekki til ferðar sem varir 5 daga eða skemur. Bætur greiðast einungis fyrir þann sjúka og þá vátryggðu sem þurfa nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim.

### 52. gr. Takmarkanir á bótaskyldu vegna 46.-49. gr.

### Félagið bætir ekki:

- Kostnað, sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.
- Kostnað við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi.
- Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.
- Tjón sem rekja má til þess að váttryggður:**
  - Mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi.
  - Ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.
- Kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður þjáðist af, þegar staðfestingargjald var greitt.
- Sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá váttryggingaratburði.

### 53. gr. Farangurstrygging

Váttryggt er gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningssslyss. Váttryggður skal gæta fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða. Félagið greiðir bætur vegna tjóns á einkamunum, sem váttryggður hefur með sér á ferðalagi. Bætur eru greiddar í samræmi við reglur sem gilda um innbústryggingu. Heildarbætur geta aldrei farið fram úr 10% af váttryggingarfjárhæð innbústryggingar. Bætur vegna hvers einstaks hlutar takmarkast við 10% af váttryggingarfjárhæð farangurstryggingarinnar. Váttryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð sem fram kemur í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

#### Undanskildar áhættur

##### Váttryggingin bætir ekki:

- Skemmdir er hljótast af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu, eðlilegu sliti eða skemmdir, sem ekki rýra notagildi hins váttryggða hlutar.
- Skemmdir á farangri vegna vökva, matvæla og annarra smitandi efna, sem höfð eru í farangri, nema almenningsfarartæki hlekkist á.
- Tjón vegna skemmda á íþróttatækjum í notkun.
- Tjón er leiðir af eignaupptöku eða kyrrsetningu muna af hálfu tollgæslu eða annarra valdhafa.
- Tjón á frímerkjum, handritum, skjölum, peningum eða hvers kyns verðbréfum.
- Tjón vegna skemmda á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.
- Tjón vegna ónógra eða lélegra umbúða.
- Tjón á hlutum sem einhver hinna váttryggðu tynir, missir, gleymir, misleggur eða skilur eftir á almannafæri eða í ólæstum híbýlum, geymslum, bifreiðum og bátum.
- Tjón á hlutum sem stolið er úr ólæstum ferðatöskum.
- Tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa úr læstum híbýlum, geymslum, bifreiðum eða bátum, án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.
- Tjón á viðlegubúnaði í notkun vegna skemmda og/eða þjófnaðar, svo og tjón á farangri í tjöldum.
- Tjón er verður vegna þjófnaðar eða innbrots sem váttryggður hefur, af ásettu ráði eða gáleysi, ekki tilkynnt lögreglu innan sólarhrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.
- Tjón vegna bruna, nema kviknað hafi í farartæki eða húsnæði.
- Tjón á reiðhjólum sem geymd eru utandyra.

Skilyrði fyrir bótum er að váttryggður geri þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað. Tilkynna skal viðkomandi yfirvöldum um þjófnað, rán eða innbrot og fá skýrslu þar um. Tjón skal auk þess ávallt tilkynna fararstjóra, hóteli og bílaleigu. Tjón í flutningi skal tilkynna flutningsaðila þegar í stað og fá skýrslu þar um.

### 54. gr. Töf á farangri

Fái váttryggður farangur sinn ekki afhentan innan 8 klst. eftir að á áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu, greiðast bætur til kaupa á nauðsynjum fyrir hvern váttryggðan 18 ára og eldri. Bætur greiðast til barna yngri en 18 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanna. Fyrir hverja klst. umfram 8 klst. töf er greidd sú fjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini í allt að 10 klst. Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram. Bætur greiðast ekki vegna tafa á farangri þegar váttryggður er á heimleið. Bætur eru ekki greiddar ef töfin stafar af því að váttryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/ flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun. Bætur skv. þessu ákvæði eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

### 55. gr. Forfallatrygging

Félagið bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur allt að váttryggingarfjárhæð vegna ferðar sem hinn váttryggði kemst ekki í ef ástæða er ein af eftirfarandi:

Andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins váttryggða enda vottað af starfandi lækni.

Að náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður:

a. Andist.

b. Hljóti alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda sé það vottað af starfandi lækni.

Vitnaskylda fyrir dómi eða forföll vegna starfa sem váttryggður getur ekki vikið sér undan að vinna skv. lögum um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt. Verulegt eignatjón á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega. Röskun er leiðir til a.m.k. 12 klst. tafar á brottför almenningsfarartækis hins váttryggða á útleið skv. ferðaáætlun er honum hefur verið látin í té.

Rán flutningsfars.

Greiði váttryggður sérstakt forfallagjald hjá ferðasala, eða sé það innheimt af honum við kaup ferðar, gildir forfallatrygging viðkomandi ferðasala í stað þessarar. Framvísa ber læknisvottorði á þar til gerðu eyðublaði félagsins. Framangreind tilvik skulu vera þess eðlis, að óhjákvæmilegt sé að afturkalla áður gerða pöntun. Bætur skv. þessari grein eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili váttryggðs.

### Undanskildar áhættur

#### Váttryggingin bætir ekki:

1. Tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem einhver váttryggðra fjölskyldumeðlima var haldinn og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt. Með meðferð er átt við hvers konar meðhöndlun, sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknskómur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfaði, óhefðbundin lækningameðferð, ofl.
2. Tjón sem stafa beint eða óbeint af eftirfarandi:
  - a. Tilskipunum stjórnvalda (nema þeim er varða skyldusóttkví).
  - b. Yfirsjónum eða vanrækslu aðila er annast flutning eða gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist skipulagningu ferðarinnar.
  - c. Tregðu váttryggðs til að ferðast eða af bágum fjárhag hans.
  - d. Útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.
  - e. Breytingu á fyrirhuguðum sumarleyfistíma.
  - f. Aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár hennar.
3. Tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að hætta við ferð.
4. Tjón sem hlýst af því að váttryggður hefur ekki skráð sig til brottferðar samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið látin í té enda hafi breyting á áætlunartíma ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu.
5. Tjón sem stafa af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tilskipun opinbers aðila.
6. Tjón sem stafa af verkfallsaðgerðum sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndu fyrir brottför.
7. Tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldþroti ferðaskrifstofu og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutninga.

### 56. gr. Almennar takmarkanir á bótaskyldu

#### Félagið bætir ekki:

Tjón sem beint eða óbeint leiðir af fjallaklifri, bjargsigi, fallhlífarstökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svifdrekaflugi, svifflugi, kajakferðum, siglingum á bátum sem róið er niður straumharðar ár og fljót, kappreiðum, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjárvar eða neðanjarðar.

Tjón sem beint eða óbeint leiðir af bifreiða- og vélaípróttum eða notkun vélhjóna, hvort sem váttryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun létts bifhjóns, sem tekið er á leigu í ferðalagi er fellur undir váttryggingu þessa.

Tjón vegna slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns ípróttum nema um sé að ræða börn yngri en 18 ára.

Tjón sem beint eða óbeint leiðir af flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi, hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.



Tjón sem beint eða óbeint leiðir af sjálfsvígi, geðsjúkdómi, meiðslum sem menn valda sjálfum sér, handalögmálum, þátttöku í refsiverðum verknaði, misnotkun lyfja, neyslu fíkniefna, áfengis, kynsjúkdómum eða tjón sem verða er váttryggður hefur stofnað sér í hættu að nauðsynjalausu.

### 9. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

#### 57. gr. Gildistími – Endurnýjun – Réttur til uppsagnar

##### Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur váttryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um váttrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða váttryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

##### Endurnýjun og uppsögn

Váttrygging sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema váttryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja váttryggingarsamningnum upp. Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á váttryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun váttryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok váttryggingartímabilsins. Hafi váttryggingartaki ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt váttryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

Ef félagið hyggst ekki framlengja váttrygginguna skal tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á váttryggingarskilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun váttryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

##### Réttur félagsins til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni:

1. Ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004.
2. Ef váttryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan.
3. Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan.
4. Eftir að tjón hefur orðið, ef
  - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
  - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
  - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

5. Ef notkun hins váttryggða eða starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:

- a. félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar;
- b. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

6. Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
7. Ef alvarlegur trúnaðarrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

#### 58. gr. Brot á upplýsingaskyldu – Svik og rangar upplýsingar

##### Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik, sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið, ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. eða 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

### Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004.

### 59. gr. Iðgjaldið – Gjaldalagi – Vanskil – Uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendir tilkynningu um greiðslu. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað. Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar úr gildi, sbr. 33. gr. eða 96. gr. laga nr. 30/2004. Þegar váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Sé andvirði hins váttryggða greitt út við altjón og váttryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds.

### 60. gr. Váttryggingarfjárhæðir – Eigin áhætta – Verðbreytingar

Í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun er getið um váttryggingarfjárhæðir og fjárhæð eigin áhættu. Þær fjárhæðir fylgja þróun verðlags í landinu og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs án húsnæðis frá upphafsdegi váttryggingartímabilsins. Fjárhæð iðgjalds váttryggingarinnar breytist með sama hætti í samræmi við váttryggingarfjárhæðina eins og hún er á endurnýjunardegi váttryggingarinnar. Tjón bætast í samræmi við þá váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi. Hið sama gildir um eigin áhættu. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. og 123. gr. laga nr. 30/2004.

### 61. gr. Aukin áhætta

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina váttryggðu áhættu. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. eða 88. gr. laga nr. 30/2004.

### 62. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttennisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta úr váttryggingunni að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

Í slysatryggingu í frítíma er heimild til þess að fella ábyrgð félagsins niður, í heild eða að hluta háð því að váttryggður hafi af stórkostlegu gáleysi valdið því að váttryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum, sbr. 2. ml. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

### 63. gr. Ráðstafanir til varnar tjóni

Þegar váttryggingaratburðurinn hefur orðið eða bein hættu er á því, að hann muni bera að höndum, skal váttryggður reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla í þessu efni getur haft í för með sér lækkun eða missi bóta, sbr. lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 64. gr. Tilkynning um tjón

Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir er hann fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa sem ætla má að váttryggingin nái til verði gerð á hendur honum. Innbrot, þjófnað og rán skal jafnframt tilkynna til lögreglu þegar í stað með ósk um rannsókn. Verði þjófnaður erlendis, skal skýrsla lögreglu á staðnum fylgja tjónstilkynningu til félagsins. Þegar um þjófnað er að ræða verður váttryggður að sanna

að hann hafi átt sér stað. Félagið greiðir ekki bætur þegar váttryggður hefur gleymt hlut, týnt honum eða farið þannig með að við missi mætti búast. Þegar um er að ræða þjófnað á reiðhjólum getur félagið krafist þess að framvísað sé reikningi eða ábyrgðarskírteini þar sem fram kemur stölnúmer og verðmæti hjólsins. Sé það ekki gert getur það valdið skerðingu eða missi bóta.

Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.

### 65. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - Fyrning

#### Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

1. Hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.
2. Hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

Krafa váttryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. eða 125. gr. laga nr. 30/2004.

### 66. gr. Váttryggður veldur váttryggingaratburði

#### Ásetningur

Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. eða 89. gr. laga nr. 30/2004.

#### Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

### 67. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs – Reglur um samsömun

Ákvæði, sem kveða á um að réttur váttryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggðs, eiga einnig við um bótarétt váttryggðs úr innbústryggingu vegna samsvarandi háttsemi maka váttryggðs sem býr með honum og manns sem hinn váttryggði býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. b. liður 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

### 68. gr. Tvítrygging

Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt váttryggingafélag ber ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Það félag, sem bætir tjónið, getur endurkrafið önnur félög hlutfallslega. Ákvæði þetta gildir ekki um slysatryggingu í frítíma.

### 69. gr. Endurkröfuréttur

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur. Váttryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

### 70. gr. Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni

Eignatjón, sem váttryggt er gegn samkvæmt váttryggingu þessari, eru efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir. Efnisleg tjón á eignum, sem eignaréttur fylgir, taka ekki til tjóna á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegra breytinga á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum sem orsakast af eyðingu, afbökun eða af því að upphafleg gerð þeirra hefur afmyndast.

Þar af leiðandi eru undanskilin í váttryggingu þessari:

- a. Tjón á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegar breytingar á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum, sem orsakast af því að þeim er eytt, þau afbökuð eða upphafleg gerð þeirra er afmynduð svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.

- b. Tjón, sem orsakast af því að dregið hefur úr virkni eða notagildi, notkunarviði, eða aðgangi að upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.

### 71. gr. Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.

Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem beint eða óbeint orsakast af styrjöld, innrás, aðgerðum erlendra óvina, ófriðaráttökum (hvort sem styrjöld hefur verið lýst yfir eða ekki) borgarastyrjöld, vopnaðri andspyrnu, byltingu, uppreisn, uppreisn gegn yfirvaldi, uppböti, verkfalli, herstjórn eða valdránsstjórn, herlögum eða herkví eða atvik eða orsakir sem ráða úrslitum um að lýst sé yfir gildistöku herlaga eða umsátursástandi. Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem að einhverju eða öllu leyti stafar beint eða óbeint af eða á upptök sín í eða frá:

1. Jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis.
2. Geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra.
3. Hvers konar vopnum þar sem beitt er frumeinda- eða kjarnaklofningu og/eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarnahvörfum, geislaafli eða geislandi efni.

Félagið bætir ekki tjón, kostnað eða útgjöld sem beinlínis eða óbeinlínis stafa af lífefnamengun eða efnamengun vegna hvers konar hryðjuverka, án tillits til hugsanlegra samverkandi orsaka. **Hryðjuverk merkir hér verknað**, þar með talið en ekki takmarkað við, valdbeitingu eða ofbeldi og/eða hótun um slíkt, af hálfu einstaklings eða hóps einstaklinga, hvort sem hann eða þeir starfa einir sér eða af hálfu eða í tengslum við ein eða fleiri samtök eða stjórnvöld, ein eða fleiri, og sem framinn er í stjórnmalalegum eða trúarlegum tilgangi, í hugsjónatilgangi eða í þjóðernislegum tilgangi eða af slíkum ástæðum, þar með talið í því markmiði að hafa áhrif á stjórnvöld og/eða að vekja ótta hjá almenningi eða hjá hluta almennings. **Mengun merkir hér, spillingu**, eitrun eða hindrandi og/eða takmarkandi áhrif á notkun hluta og efna vegna áhrifa frá efnasamböndum og/eða lífefnum. Eignatjón vegna náttúruhamfara eru bætt skv. reglum Náttúruhamfaratryggingar Íslands.

### 72. gr. Ákvæði í váttryggingarskírteini

Ákvæði í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

### 73. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfshætti hennar. Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

### 74. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Skilmálar þessir gilda frá XX.XX.XXXX**